

Tungumál:

- Er manninum áskapað
 - Eins og aðrar athafnir s.s. það að skríða
 - Barkakýlið neðar í mönnum en öðrum dýrum
 - Málstöðvar - markaldur
- Tjáning dýra annars eðlis
 - Bundin frumpörfum
 - Ýmist meðfædd eða lærð

Talmál vs. ritmál

Talmál

- Upprunalegra
- Í stöðugri þróun
- Einkennist af hikorðum, slettum, slangri og ófullkomnum setningum

Ritmál

- Samkomulag
- Íhaldssamt
- Laust við hikorð, slangur o.s.frv.
- Setningar og málsgreinar fullmótaðar

Einingar máls

- Hljóð (bókstafir?!)
- Orðhlutar
- Orð
- Setningahlutar
- Setning
- Málsgrein

Hljóð

- Hljóð jafngildir ekki alltaf bókstaf
 - t.d. f/v, [w], n, þ, s, b/p, ö/au
- Einstaklingsbundinn framburður
- „Umhverfi“ hefur áhrif á framburð
 - Jafnvel svo að hljóðið týnist!
- Skiptast í sérhljóð og samhljóð

Hvaða hljóð eru þetta?

svangur, lengi, leigja, kaupu, mikið
sigldi, lygi, próttur, herpt, sofa, svefn, saft,
hella, lögin, lögin, kringla, nefndi

Orðhlutar

- Hljóðum er raðað saman í merkingarbærar einingar, þ.e. orð
- Hægt er að skipta orðum í hluta eftir hlutverki hljóðaklasa:
 - Rót, aðskeyti (forskeyti og viðskeyti), beygingarending, bindistafur, stofn
 - Hljóðvörp hafa líka áhrif á beygingarmyndir

Rót

- Rót er aðalhluti orðs, ber merkinguna
- Öll orð hafa rót
- Samsett orð hefur tvær eða fleiri rætur
- Hægt er að bæta aðskeytum við rót til að mynda nýtt orð
- Dæmi:
 - fer-ð ,sigl-d-(i), dóm-ar-(ar), ó-fær-ð

Aðskeyti

- Skiptast í forskeyti og viðskeyti
- Geta ekki staðið sem sjálfstæð eining
- Forskeyti bætast framan við rót, t.d.
ó-fríð-(ur), tor-skilin-(n)
- Viðskeyti bætast aftan við rót t.d.
torskil-in-n,

Beygingarending

- Bætist aftan við rót eða viðskeyti eða tengir saman tvær rætur/stofna

Dæmi:

hest-ur, hest-a-kerr-a, venj-u-leg-ur,
skuld-ótt-ur

Stofn

- Orð (rót + aðskeyti) að undanskilinni beygingarendingu

Dæmi:

bílaleigubíl, torskilin, ófríð

- Stofn sterkra nafnorða finnst í þf.et.
- Stofn veikra nafnorða: (mínus beyg.ending)
- Stofn lýsingarorða í kvk. et. nf.
- Stofn sagnorða í nafnhætti (mínus -a)

Hljóðvörp - hljóðskipti

- Róttin getur tekið hljóðbreytingum:
 - **i-hljóðvarp** t.d. e>i, a>e, u>y, jú>ý, au>ey
verð – virði, garður – gerði, ungur – yngri
sjúkurr – sýki, laun - leyna
 - **u-hljóðvarp** a>ö/u
barn – börn, sumar - sumur
 - **hljóðskipti sterkra sagna**
fara – fór, hlaupa – hljóp - hlupum

Klofning

- Gömul hljóðbreyting
- Tvenns konar
 - e > ja (a-klofning t.d. stjarna, bjart)
 - e > jö (u-klofning t.d. stjörnu, björtum)
- Yfirleitt koma bæði ja/jö fyrir í beygingum
- Stundum hefur upprunahljóðið varðveist:
 - fell, fjall, fjöll og berg, bjarg, björg

Samsett orð

- Stofnsamsetning

Stofnmynd fyrri liðar notuð t.d.
hundleiðinleg, **búskapur**

- Eignarfallssamsetning

Fyrri liður samsetningar er í eignarfalli t.d.
búðarborð, **Guðmundsson**

Samsett orð

- Bindistafur

Notaður til að líma saman tvö orð, t.d. ef fyrra orðið fær ekki sýnilegt eignarfall

Dæmi: leikfimi-**s**-hús, rusl-**a**-fata, ráð-**u**-nautur

Bygging tungumála

- Tungumál eru skilgreind út frá byggingu
- Rótamál <-----> aðskeytamál
- Hið fullkomna rótamál eða aðskeytamál/límingamál ekki til.
 - Rótamál
 - Yay (mandarín kínverska):
tā (hann) zài (á) túshūguǎn (bókasafn) kàn (lesa)
bào (dagblað)
Hann er á bókasafninu að lesa dagblað.

Bygging tungumála

- Aðskeytamál/límingamál (forskeyti/viðskeyti)
 - Suður-Tiwa (tanoan-indíánamál, BNA)
ti (1. p.)-khwian (hundur)-mu (sjá)-ban (þt)
Ég sá hund.

Bygging tungumála

- Einingamál ← -----> samrunamál
- Ekkert tungumál fullkomið einingamál eða samrunamál.
- Einingamál: Greinileg skil máleininga
 - no-kali (mitt hús)
 - no-pelo (minn hundur)
 - mo-kali (þitt hús)

(aztekamál, Mexíkó)

Bygging tungumála

- Samrunamál/beygingamál: Erfitt að aðskilja máleiningar, t.d. renna ýmsar beygingar saman við rót

Forngríska:

lu-ō (1.p. et. nt. germynd) Ég er að leysa.

lu-ōmai (1.p. et. nt. vh.) Ég ætti að leysa.

lu-oimi (1.p. et. nt. þolm.) Ég er leystur ...

lu-oimi (1.p. et. nt. mögul.) Ég gæti leyst.

- Hvort er íslenska nær því að vera eininga- eða samrunamál?